


HLJÓMAHÖLL



ÁRSSKÝRSLA 2021

ÁGRIP

Árið 2021 í Hljómahöll einkenndist að stórum hluta til af kórónuveirufaraldrinum þar sem sóttvarnartakmarkanir komu í veg fyrir reglulegt viðburðahald. Þó svo að mörgum tónleikum og viðburðum hafi verið aflýst eða frestað á árinu fóru fram tónleikar, uppistönd, fundir, streymisviðburðir, upptökur, fermingarveislur, ráðstefnur, starfsdagar, kaupstefna, Buddha-athöfn og margt fleira.

Framan af ári var enginn aðgangseyrir á söfn Reykjanesbæjar á meðan heimilt var að hafa söfnin opin í þeirri von að laða landsmenn að í heimsókn í bæjarfélagið. Ákveðið var að taka upp gjaldtöku á ný á söfn bæjarins þann 1. september. Heildarfjöldi gesta sem heimsóttu Rokksafn Íslands árið 2021 var 8.793 en voru 7.446 árið áður sem er 18% aukning á milli ára. Hlutfall Íslendinga er 88% á móti 12% erlendum gestum (sem var 93% Íslendingar, 7% erlendir gestir árið 2020).

Þegar sóttvarnartakmarkanir leyfðu tók salaleiga við sér í þeim gluggum sem hægt var að halda fjölmenna viðburði. Veltan af salarleigu í Hljómahöll árið 2021 voru 17,7 m.kr. Árið 2020 voru leigutekjur af salarleigu í Hljómahöll 6,3 m.kr. eða 180% aukning á milli ára.

Seldir voru samtals 1.346 miðar á viðburði í Hljómahöll sem húsið stóð sjálft fyrir eða í samstarfi við aðra tónleikahaldara (1.592 miðar árið 2020). Tekjurnar af miðasölu voru 7,5 m.kr. en tekjurnar voru 10,3 m.kr. árið 2020 eða 28% minni tekjur á milli ára.

Tekjur hjá Hljómahöll-veitingum ehf. á árinu 2021 voru 22,5 m.kr. en voru 18 m.kr. árið 2020 sem er um 25% aukning á milli ára.

EFNISYFIRLIT

Ágrip	2
Efnisyfirlit	3
Starfsfólk Hljómahallar	4
Starfsemi Hljómahallar.....	6
Rokksafn Íslands	6
Um safnið.....	6
Aðgangseyrir árið 2021	9
Opnunartími Rokksafns Íslands	10
Gestafjöldi 2021 og samanburður á milli ára.....	10
Salaleiga.....	11
Þróun bókana eftir tegund.....	13
Þróun bókana eftir sal eða rými.....	14
Þróun bókana eftir mánuðum	15
Þróun bókana hlutfallsskipt eftir tegundum viðburða	15
Veitingasala	16
Viðburðir	16
Franklin Covey-námskeið stjórnenda Súlunnar	18
WIG og LEAD.....	18
Framtíðarsýn.....	19
Áhrifakeðja.....	19
Árangursmælingar	20
Stytting vinnuvikunnar	21
Niðurlag.....	22

STARFSFÓLK HLJÓMAHALLAR

Á árinu 2021 voru stöðugildin í Hljómahöll 6,4 talsins í föstu starfi framan af ári. Þau eru:

- Framkvæmdastjóri (100%)
- Móttaka og afgreiðsla (tveir starfsmenn í 70% starfi á 5-5-4 vöktum)
- Ræstingar (100%)
- Tæknimenn (tveir starfsmenn í 100% starfi á 5-5-4 vöktum)
- Tæknistjóri (100%)

Þess má geta að þó nokkuð fleiri starfsmenn starfa þó í Hljómahöll. Starfsemi Hljómahallar er að stórum hluta byggð á tímastarfsfólki, lausráðnu starfsfólki, sem starfar við stærri viðburði sem fara fram í Hljómahöll ásamt verktökum. Tímastarfsfólk og verktakar sinna ýmsum störfum s.s. hljóðvinnslu, lýsingu, sviðsstjórn, aðstoð við uppsetningu á sölum, þjónustu í sal, þjónustu á börum, afleysingu á Rokksafni Íslands o.s.frv.

Framkvæmdastjóri er Tómas Young en hann var ráðinn í nóvember 2013. Hann er jafnframt forstöðumaður Rokksafns Íslands og framkvæmdastjóri Hljómahallar-veitinga ehf. Á meðal verkefna er yfirumsjón með starfsemi Hljómahallar, markaðsmál, starfsmannamál, fjármál, bókun listamanna á viðburði Hljómahallar o.fl.

Tæknistjóri var Þórhallur Arnar Vilbergsson en hann var ráðinn í janúar 2021 tímabundið í eitt ár. Tæknistjóri ber ábyrgð á öllu er snertir tæknimál Hljómahallar sem tengist viðburðahaldi svo sem hljóð- og ljósabúnaði, rafmagns- og lagnaleiðum en jafnframt sinnir hann almennum tæknilegum hliðum hússins s.s. hitastýringu, loftræstingu, hússtjórnunarkerfi, aðgangsstýringarkerfi, þjófavarnarkerfi o.fl. Samningur við Þórhall Arnar rann út um áramótin 2021/2022 og starfið því auglýst laust til umsóknar í desember.

Tæknimenn í fullu starfi voru tveir, þeir Björn Elvar Þorleifsson og Viðar Máni Gunnarsson, en þeir hófu báðir störf árið 2019. Þeir sinntu einnig öllum tæknilegum hliðum Hljómahallar og heyrðu undir tæknistjóra. Á meðal verkefna þeirra var umsjón með hljóði og lýsingu á viðburðum, viðhald tæknibúnaðar, verkefnastjórnun á viðburðum, setja saman margmiðlunarefni fyrir gagnvirku plötuspilara safnsins, yfirfara hljóðfæri og tæknilegar hliðar Rokksafnsins og þannig mætti áfram telja. Um haustið 2021 hélt Björn Elvar í háskólanám og ákveðið var í ljósi verkefnastöðunnar

vegna kórónuveirufaraldursins að bíða með að ráða á ný í hans stöðu. Síðar um haustið komu fram óskir frá bæjarráði að skoða vel allar hliðar reksturins með hagræðingu að leiðarljósi. Ýmsar leiðir voru skoðaðar í þeim efnum en að endingu var ákveðið fara í niðurskurð og ákveðið að endurráða ekki í starf Björns Elvars og einnig var starfi Viðars Mána Gunnarssonar sagt upp. Í staðinn var ákveðið að hafa áfram tæknistjóra og leysa frekar einstök verkefni með öðrum hætti t.d. með tímastarfsmönnum eða verktökum. Með því móti væri fastur kostnaður lækkaður umstalsvert og talsverðri óvissu eytt til muna.

Fyrstu tvo mánuði ársins var enginn starfandi veitingastjóri en í mars mánuði var Guðjón Vilmar Reynisson ráðinn veitingastjóri tímabundið til eins árs en hann hafði áður sinnt starfinu á árunum 2015-2018.

Þau Viktor Aron Bragason og Anita Engley Guðbergsdóttir sinna móttöku gesta á Rokksafni Íslands, símsvörun, afgreiðslu í verslun safnsins og innkaupum á vörum í verslunina, sjá um miðasölu á viðburðum og ýmsum öðrum verkefnum sem falla til. Þá hefur Anita Engley umsjón með hópamóttöku á safninu og Viktor Aron hefur umsjón með sýningum safnsins.

Daglegum þrifum í Hljómahöll og Rokksafni Íslands sinnir Sævar Vatnsdal Rafnsson en hann hóf störf um það leyti sem Hljómahöll opnaði árið 2014.

Í lok árs voru stöðugildin því 5,4 þar sem veitingastjóri hafði bæst í hópinn og tæknimenn ekki lengur við störf. Voru stöðugildin í lok árs þannig:

- Framkvæmdastjóri (100%)
- Móttaka og afgreiðsla (tveir starfsmenn í 78% starfi á 5-5-4 vöktum, starfshlutfallið aukið vegna styttingu vinnuvikunnar, sjá nánar á bls. 21)
- Ræstingar (100%)
- Tæknistjóri (100%)
- Veitingastjóri (100%)

STARFSEMI HLJÓMAHALLAR

Starfsemi Hljómahallar má skipta upp í fjóra þætti. Þeir eru:

- 1) Rokksafn Íslands
- 2) Salaleiga
- 3) Tónleika- og viðburðahald
- 4) Veitingasala



Frá salaleigu haustið 2021 þar sem trúarleg athöfn fór fram í Stapa

ROKKSAFN ÍSLANDS

Um safnið

Rokksafn Íslands í Hljómahöll er safn um sögu popp- og rokktónlistar á Íslandi sem opnaði þann 5. apríl 2014. Þar er saga tónlistar á Íslandi sögð allt frá árinu 1830 á lifandi máta. Á safninu er hljóðbúr (e. *soundlab*)



þar sem gestir geta leikið lausum hala og prófað sig áfram á rafmagnstrommusetti, gítar, bassa og söng. Á safninu má finna ýmsa merka hluti úr rokk- og poppsögu Íslands. Þar á meðal er t.d. trommusetið Gunnars Jökuls sem notað var m.a. á plötunni *...Lifun* með Trúbrot, LED-ljósabúningur frá Páli Óskari, tréskúlptúr af reggí-hljómsveitinni Hjúlmum, kjólinn sem Emilíana Torrini klæddist í myndbandinu við lagið *Jungle Drum*, kjóla af Elly Vilhjálms, jakka sem Stuðmenn klæddust í myndinni *Með allt á*



hreinu, hljóðnema frá Megas og þannig mætti lengi telja.

Á safninu er Rokkbúðin þar sem fæst alls kyns varningur sem tengist rokksögunni s.s. ævisögur tónlistarmanna, geisladiskar, vínýl-plötur,



heimildamyndir, fatnaður og fleira. Þá selur Rokkbúðin ýmsan varning fyrir tónlistarmenn s.s. gítarstrengi, gítarneglur, gítarsnúður, trommukjuða og bækur fyrir tónlistarnám.

Gestir safnsins geta fengið lánaða spjaldtölvu og heyrnartól við komuna á safnið. Á spjaldtölvunni er forrit sem kallað er Rokkappið. Það gerir gestum kleift að kafa dýpra í söguna og þá tónlistarmenn sem fjallað er um á safninu og um leið hlusta á tónlist hvers tímabils ásamt því að horfa á tónlistarmyndbönd og viðtöl.

Gagnvirku plötuspilararnir spila stórt hlutverk á Rokksafninu en þeir voru formlega teknir í notkun á Safnahelgi á Suðurnesjum í mars mánuði árið 2019. Sýningaratriðið sem er fyrirferðamikið á safninu gerir gestum kleift að skoða sögu



listamanna á einstakan máta þar sem sögu hljómsveitarinnar á textaformi ásamt myndum, myndskleiðum og hljóði er blandað saman. Gestir safnsins stýra alfarið sjálfir sögu hvaða hljómsveitar eða listamanns er skoðuð og stjórna hraðanum á yfirferðinni.

Í mars 2015 opnaði fyrsta sérsýning Rokksafns Íslands og fjallaði hún um Pál Óskar Hjálmtýsson en sýningin bar heitið „Páll Óskar - Einkasafn poppstjörnu“. Páll Óskar er mikill safnari og var sýningin sterkur vitnisburður um það. Á meðal muna á sýningunni var fjöldinn allur af sérhönnuðum búningum og fatnaði frá tónleikum hans, handskrifaðar dagbækur hans, teikningar frá barnæsku, allar gull- og plátínuplötur hans, plaköt frá tónleikum og dansleikjum, upprunaleg texta- og nótnablöð af þekktustu lögum hans og þannig mætti lengi telja. Páll Óskar sagði sjálfur frá hverju æviskeiði með hjálp tækninnar en ævi hans var skipt um í 14 kafla og myndband sem fylgir hverjum kafla. Sýningin stóð upphaflega í miðju safnsins á fyrstu hæð en var flutt á efri hæð safnsins árið 2016. Þar stóð hún til ársloka 2020 þegar undirbúningur hófst að nýrri sýningu. Sýningin stóð því í rúmlega fimm ár.

Í nóvember 2016 opnaði önnur sérsýning Rokksafnsins og fjallaði hún um Björgvin Halldórsson. Sýningin fékk heitið „Þó líði ár og öld“ sem er tilvitnun í hans þekktasta lag og um leið vitnisburður um þema sýningarinnar. Í sýningunni, sem enn stendur að hluta til, var farið



yfir hinar ýmsu hliðar Björgvins. Hann er vitaskuld þekktastur fyrir störf sín sem tónlistarmaður og fjallaði sýningin um það að stórum hluta en einnig önnur störf hans í gegnum tíðina s.s. sem markaðsstjóri, rödd Stöðvar 2 og útvarpsstjóri. Á sýningunni var hægt að hlusta á Björgvin segja sögur frá ferlinum og aðra nákomna honum segja sögur af honum, horfa á viðtöl, heimildamyndir og ýmis myndbrot frá ferli Björgvins með hjálp gagnvirkar miðlunar.

Rokksafn Íslands opnaði nýja sérsýningu þann 7. mars 2021 sem fékk heitið Melódiur minninganna en sýningin fjallaði um safn söngvarans Jóns Kr. Ólafssonar sem staðsett er á heimili hans á Bíldudal. Undirbúningur sýningarinnar hófst sumarið 2020. Á sýningunni mátti finna fjölmarga muni



Frá opnun sýningarinnar Melódiur minningana 7. mars 2021 – Jón Kr. Ólafsson situr fyrir miðri mynd

sem Jón hefur safnað í gegnum tíðina frá tónlistarferli sínum og öðrum tónlistarmönnum svo sem Elly Vilhjálms, Ragga Bjarna, Hauki Morthens, Svavari



Frá opnun sýningarinnar Melódiur minningana 7. mars 2021 – Jón Kr. Ólafsson á sviði

Gests, Stuðmönnum og fleirum. Gestir sýningarinnar gátu upplifað safnið Melódiur minninganna sem staðsett er á Bíldudal með aðstoð tækninnar en hluti af sýningunni voru gagnvirk sýndarveruleikagleraugu sem gerði gestum kleift að skoða og ganga um tónlistarsafnið sem myndað var

sérstaklega fyrir sýninguna. Á sýningunni mátti einnig finna gagnvirkan skjá þar sem finna mátti viðtöl sem voru tekin sérstaklega fyrir sýninguna af starfsfólki Hljómahallar/Rokksafns Íslands ásamt Jónatani Garðarssyni, handritshöfundu sýningarinnar. Á skjánum mátti einnig finna ýmsa tónleika, viðtöl, umfjallanir og fleira í gegnum tíðina bæði um sýninguna hans Jóns og feril hans sem söngvara.



Gestir sýningarinnar skoða safnið Melódiur minninganna á Bildudal með aðstoð gagnvirkra sýndarveruleikagleraugna.

Sýningin var formlega opnuð við hátíðlega athöfn þann 7. mars 2021. Á dagskránni var tónlistaratriði frá Ingimar Oddssyni og hljómsveit og féll það í skaut bæjarstjóra Reykjanesbæjar opna sýninguna formlega. Jónatan Garðarsson, handrits-



Bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Kjartan Már Kjartansson, opnar sýninguna Melódiur minninganna við hátíðlega athöfn þann 7. mars 2021

höfundur sýningarinnar og Tómas Young, sem var verkefnastjóri sýningarinnar héldu einnig tölu. Tæplega 200 gestir sóttu opnunina en sóttvarnartakmarkanir heimil- uðu 200 gestum að koma saman á þeim tíma sem sýningin var opnuð.

Aðgangseyrir árið 2021

Þegar kórónuveirufaraldurinn skall á árið 2020 var ákvörðun tekin um að hafa engan aðgangseyri á söfn Reykjanesbæjar með það að markmiði að laða að fleiri gesti í heimsókn í bæjarfélagið. Árið 2021 var því enginn aðgangseyrir á söfnin framan af ári en þann 1. september var aðgangseyrir tekinn upp að nýju.

Almennt verð: 1500 kr.

Öryrkjar, eldri borgarar, nemendur: 1200 kr.

Hópar (stærri en 10): 1200 kr.

Hópar (stærri en 80): 1000 kr.


Frítt fyrir alla 16 ára og yngri (börn á leikskóla og grunnskólaaldri)

Opnunartími Rokksafns Íslands


Opnunartími Rokksafnsins árið 2021 var þannig að opið var alla virka daga og um helgar frá 11:00-18:00. Lokað var á stórhátíðardögum s.s nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag og gamlársgdag.

Gestafjöldi 2021 og samanburður á milli ára

Heildargestafjöldi á árinu 2021 á Rokksafni Íslands var 8.793 gestir (7.474 gestir árið 2020) sem er fjölgun um 18%. Hlutfall Íslendinga er 88% á móti 12% erlendum gestum.



Á myndinni hér að ofan er heimsóknarfjöldi Íslendinga á Rokksafninu skoðaður út frá mánuðum síðast liðinna þriggja ára og kemur í ljós að flestir Íslendingar sóttu safnið yfir sumarmánuðina og í október mánuði. Heimsóknirnar um sumarið má líklega rekja til þess að enginn aðgangseyrir var á safnið allt sumarið og fram til 1. september. Í október mánuði var Safnahelgi á Suðurnesjum haldin en þá helgi er frítt í öll söfn bæjarins og önnur söfn á Suðurnesjum. Við það tilefni voru listamennirnir JFDR og Fríða Dís og Smári Guðmundsson með tónleika inni á Rokksafni Íslands og safnið var afar vel sótt þá helgi.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá samanburð á heimsóknarfjölda erlendra gesta á Rokksafn Íslands árin 2019 til 2021. Eins og sést á myndinni er dreifingin afar misjöfn á milli ára sem má líklega rekja til kórónuveirufaraldursins og lokanna á safninu. Flestir erlendir gestir heimsóttu safnið í júlí, ágúst og september árið 2021.

SALALEIGA

Í Hljómahöll er að finna sali sem leigðir eru út við ýmis tilefni. Þessir salir eru:

- Stapi
- Berg
- Merkines
- Rokksafn Íslands
- Félagsbíó



Ari Eldjárn á sýningunni sinni Áramótaskop fyrir fullum Stapa en uppselt var á tvennar sýningar í desember

Salirnir eru leigðir út við ýmis tilefni. Þar á meðal mætti nefna:

- Árshátíðir
- Ráðstefnur
- Erfidrykkjur
- Fundir
- Brúðkaup

Salaleiga í Hljómahöll árið 2021 mætti lýsa þannig að það voru reglulega minni viðburðir, streymi af fundum og upptökur. Þegar sóttvarnartakmarnir leyfðu og gluggar opnuðust sem gerðu kleift að halda fjölmennari viðburði voru gluggarnir vel nýttir af viðskiptavinum Hljómahallar. Gott dæmi um þetta er þegar á tímabili á árinu mátti halda viðburði með allt að 500 gestum en í októbermánuði árið 2021 opnaðist nokkurra vikna gluggi þar sem haldin var Vestnorden kaupstefnan, kvöldverðaveisla Sambands íslenskra sveitarfélaga, söngkeppni framhaldsskólanna, WhatWorks-ráðstefnan, starfsdagur Deliotte og árshátíð VÍS.

Stærsti viðburðurinn sem var haldinn á árinu var án efa Vestnorden kaupstefnan. Upphaflega átti kaupstefnan var að fara fram árið 2020 en henni var seinkað um ár vegna kórónuveirufaraldursins.

Vestnorden var haldin dagana 5.-6. október og segja má að kaupstefnan hafi farið



*Vestnorden 2021 5. og 6. Október
Básur var raðað upp í öllum rýmum Hljómahallar og þar á meðal á Rokksafni Íslands.*

fram úr björtustu vonum þeirra sem að henni komu. Hljómahöll var undirlögð en básur fyrirtækjanna var stillt upp í öllu Rokksafni Íslands, sölunum Bergi, Merkinesi og Stapa og nokkrir básanna voru í opnu rými Tónlistarskóla Reykjansbæjar. Í húsið voru þar komin saman 134 fyrirtæki frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum sem hittu 177 kaupendur sem hingað til lands voru komnir hvaðanæva að úr heiminum. Áttu kaupendur og seljendur samtals 3400 fundi þá tvo daga sem kaupstefnan stóð yfir. Á meðan á kaupstefnunni stóð buðu ferðaþjónustufyrirtæki af svæðinu bæði kaupendum



Vestmorden 2021 5. og 6. október
Gestir Vestmorden funda í Hljómahöll. Básar á myndum voru staðsettir í Stapa og Merkinesi.


og seljendum í stuttar ferðir um Reykjanesið til að kynna áfangastaðinn og mæltist það vel fyrir enda margt nýtt að sjá og upplifa og var öllum boðið í Bláa Lónið í lok ferðanna. Íðandi líf var að finna á veitingastöðum og hótélum Reykjanesbæjar.

Það var góður andi sem sveif yfir Hljómahöll og ekki annars að vænta en að Ísland og Reykjanesið verði á kortinu hjá mörgum á komandi misserum.

Áætlaðar tekjur vegna salaleigu í fjárhagsáætlun Hljómahallar fyrir árið 2021 voru 12,5 m.kr. en þar sem hægt var að halda ýmsa viðburði þegar sóttvarnatakmarkanir leyfðu var veltan meiri en áætlað var eða 17,7 m.kr. sem er um 42% meira en áætlað var. Árið áður, 2020, voru leigutekjur af salaleigu í Hljómahöll 6,3 m.kr. eða um 180% aukning á milli ára. Þessar tölur eiga við um salaleigu og þá þjónustu sem Hljómahöll veitir í kringum hana. Velta vegna veitingasölu í kringum viðburðina er þá ótalin.

Þróun bókana eftir tegund


Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun í fjölda bókana í salaleigu í Hljómahöll eftir tegundum viðburða. Viðburðirnir eru flokkaðir í viðburði á vegum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR-viðburðir), fundi og ráðstefnur, hópahéimsóknir á Rokksafn



Íslands, tónleika, aðrir viðburðir (annað), veislur og árshátíðir, einkaviðburði og aflýsta viðburði. Á myndinni má sjá aukningu í fjölda viðburða á vegum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og í fundum og ráðstefnum en hana má rekja að stórum hluta til þess að bæjarstjórnar- og bæjarráðsfundir voru fluttir í Hljómahöll síðla árs 2019. Einnig má sjá talsverða aukningu síðast liðin þrjú ár í fjölda hópahéimsókna á Rokksafn Íslands (Heimsóknir á Rokksafn) en hana má líkast til rekja til þess að sérstök áhersla hefur verið lögð á að sækja hópa, bæði fyrirtækja og skólahópa, sem umsjónarmaður hópamóttöku hefur unnið að undanfarin misseri.


Þróun bókana eftir sal eða rými

Hér fyrir neðan sjá skiptingu bókana á sölum Hljómahallar þar sem búið er að flokka viðburði eftir því í hvaða sölum/rýmum viðburðirnir fara fram í. Eins og myndin sýnir er salurinn Berg með flestar bókanir en það má rekja til notkunar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar á salnum sem á meirihluta bókana. Næst flestar bókanir eru hjá hópum sem heimsækja Rokksafn Íslands. Þar á eftir koma Stapi og Merkines en stöðug aukning hefur verið í bókunum í þeim sölum á milli ára á tímabilinu 2017-2021, eins og sjá má á myndinni hér að neðan.




Þróun bókana eftir mánuðum

Hér fyrir neðan má sjá skiptingu bókana í Hljómahöll á árunum 2014-2021 flokkað eftir mánuðum. Myndin sýnir að fjöldi bókana er nokkuð stöðugur flesta mánuði ársins ef frá eru taldir júní, júlí og ágúst en þá er fjöldi bókana talsvert undir þeim fjölda sem á sér stað aðra mánuði. Þá hefur fjöldi bókana í janúar verið í meðallagi. Út frá myndinni má sjá að háönn í Hljómahöll er á tímabilinu febrúar til maí og september til desember.



Þróun bókana hlutfallsskipt eftir tegundum viðburða

Á meðfylgjandi mynd má sjá hlutfallsskiptingu viðburða í Hljómahöll eftir tegund á árinu 2021. Viðburðir á vegum Tónlistarskólans telja um 52% bókana. Þar á eftir koma fundir og ráðstefnur sem voru um 23% bókana, hópahéimsóknir á Rokksafn 13%, aðrir viðburðir og tónleikar voru um 4%.



VEITINGASALA

Fyrirtækið Hljómahöll-veitingar ehf. sér um alla veitingasölu í Hljómahöll. Það sem telst til veitingasölu í Hljómahöll er:

- Veitingar á Rokksafni Íslands s.s. kaffi, gos, te o.fl.
- Veitingar á börum Hljómahallar (bar í Stapa og Rokksafni Íslands)
- Matarveitingar á viðburðum s.s. ráðstefnum, fundum og árshátíðum

Áætlaðar tekjur árið 2021 hjá Hljómahöll-veitingum ehf. voru 20 m.kr. en tekjur á árinu voru 22,5 m.kr. eða 2,5 m.kr. meira en áætlað var. Tekjur árið áður, 2020, voru 18 m.kr.

VIÐBURÐIR

Árið 2021 í Hljómahöll einkenndist að stórum hluta til af kórónuveirufaraldrinum þar sem sóttvarnartakmarkanir settu strik í reikninginn og komu í veg fyrir reglulegt viðburðahald. Þó svo að mörgum tónleikum og viðburðum hafi verið aflýst eða frestað á árinu fóru fram ýmsir viðburðir þegar sóttvarnartakmarkanir leyfðu (hér er aðeins átt við viðburði sem



Louis Cole á tónleikum í Hljómahöll 2. september 2021

eru sýnilegir út á við en ekki um viðburði vegna salaleigu s.s. árshátíðir, ráðstefnur, fundi eða þess háttar). Þar á meðal fóru fram einir tónleikar með erlendum listamönnum og var það Louis Cole sem kom fram ásamt Genevieve Artadi, Chris Fishmann og Nate Wood þann 2. september. Tónleikar/viðburðir sem fóru fram í Hljómahöll árið 2021:

Bubbi, Jón Jónsson, Auður bílatónleikar NFS	22. janúar
Bríet	28. janúar
Hjálmar	11. mars
Jói Pé & Króli	24. júní
Louis Cole ásamt Genevieve Artadi, Chris Fishmann og Nate Wood	2. september

Söngkeppni framhaldsskólanna	9. október
Safnahelgi á Suðurnesjum: JFDR og Smári & Fríða	16. október
Pétur Jóhann	30. október
Ari Eldjárn: Áramótaskop	16. desember



Briet á tónleikum í Hljómahöll 28. janúar 2021

Seldir voru samtals 1.346 miðar miðar á viðburði í Hljómahöll sem húsið stóð sjálfst fyrir eða í samstarfi við aðra tónleikahaldara en árið 2020 voru þeir samtals 1.592. Tekjurnar af miðasöluinni voru 7,5 m.kr. en tekjurnar voru 10,3 m.kr. árið 2020. Samningar eru misjafnir á

þessum viðburðum og samningar misjafnir við hvern listamenn en stærsti hluti þessara tekna fer beint til listamannanna. Sumir viðburðir eru gerðir í samstarfi við listamennina á meðan aðrir leigja salina.

FRANKLIN COVEY-NÁMSKEIÐ STJÓRNENDA SÚLUNNAR

Stjórnendur Súlunnar fóru á Franklin Covey námskeið haustið 2021 sem hafði það að markmiði að aðstoða stjórnendur að útbúa framtíðarsýn og skilgreina tilgang stofnana eða deilda sinna. Námskeiðið var afar gagnlegt. Á meðal þeirra verkefna sem voru ráðist í var að skilgreina tilgang, helstu markmið eða „WIG“ (Wildly Important Goal) og að útbúa áhrifakeðju fyrir starfsemina.

Á námskeiðinu var tilgangur Hljómahallar/Rokksafns Íslands skilgreindur þannig;

- *að vera tónlistarmiðja Reykjanesbæjar*
- *að færa íbúum reglulega viðburði með virku viðburðahaldi með íslenskum og erlendum tónlistarmönnum*
- *laða að innlenda og erlenda gesti í bæjarfélagið*
- *veita góða alhliða þjónustu í salaleigu*
- *varðveita gott orðspor þjónustu hússins*
- *vera í farabroddi með tækniframfarir á sviði safna og viðburðahalds*

WIG og LEAD

Á námskeiðinu voru stjórnendur látnir skilgreina WIG (e. *Wildly Important Goal*) og LEAD þar sem WIG eru mikilvæg markmið og LEAD eru leiðirnar/aðferðirnar við að ná WIG-markmiðunum. Í Hljómahöll voru skilgreind nokkur WIG þar sem starfsemin er í eðli sínu margþætt:

WIG

- *Ánægja með salaleigu*
- *Ánægja með heimsóknir á safnið*
- *Fjöldi gesta á safninu*
- *Seldir miðar á tónleika*
- *Nýting á salarkynnum*

LEAD

- *Vanda til verka og þjónustu með persónulegum og faglegum samskiptum.*

- Öflug markaðssetning á öllum sviðum; á salaleigu, tónleika- og viðburðahaldi, Rokksafnsins o.s.frv.
- Reglulegir tónleikar með kröftugri dagskrá

Framtíðarsýn


Á námskeiðinu voru stjórnendur beðnir um að skilgreina framtíðarsýn stofnana sinna út frá vinnunni á námskeiðinu og í samhengi við markmið (WIG) sem höfðu verið sett fram. Framtíðarsýn Hljómahallar sem skilgreind var á námskeiðinu er eftirfarandi;

Framtíðarsýn Hljómahallar er að:

- vera með bestu þjónustu landsins í salaleigu
- vera „top of mind“, með bestu aðstöðuna, þjónustuna, vera með þjónustulundað og menntað starfsfólk í faginu, besta matinn og bestu heildarupplifunina
- Hljómahöll státi af tónleika- og viðburðahaldi sem íbúar eru hreyknir af með innlendum og erlendum viðburðum sem eftirsóknarvert þyki að ná miðum á.
- Rokksafn Íslands sé álitid eitt af framsæknustu og tæknilegustu söfnum landsins og að íbúar Reykjanesbæjar og Íslendingar séu stoltir af safninu, það laði að fjölda erlenda og innlenda gesti inn í bæjarfélagið.

Áhrifakeðja


Stjórnendur voru á námskeiðinu beðnir um að útbúa áhrifakeðju (e. *outcome sequence chart*) fyrir hverja stofnun fyrir sig þar sem kemur fram hvaða aðföng þarf til ná WIG/mikilvægu markmiðum sínum, hvaða ferlar þurfa að vera til staðar, hvaða afurð það skili og að lokum hver útkoman er. Í meðfylgjandi mynd má sjá áhrifakeðju Hljómahallar / Rokksafns Íslands:



ÁRANGURSMÆLINGAR

Eitt af verkefnum sem voru skilgreind í starfsáætlun Hljómahallar fyrir árið 2021 var að hefja árangursmælingar á nokkrum þáttum rekstrarins á árinu. Fram kom á Franklin Covey námskeiðinu sem stjórnendur Súlunnar sóttu hvert mikilvægi þess væri að halda utan um mælanleg markmið starfseminnar og að þau ættu vera öllum starfsmönnum sýnileg svo allir starfsmenn leggist á eitt og vinni í átt að sameiginlegum markmiðum.

Mælanleg markmið í Hljómahallar sem eru nú sýnileg öllum eru til dæmis gestatölur á Rokksafni Íslands, fjöldi miða sem eru seldir á viðburði í Hljómahöll, fjöldi bókana auk niðurstaðna úr ánægjukönnunum sem eru nú sendar viðskiptavinum sem nýta sér salaleigu og þjónustu í kringum hana og hópahemsóknir á Rokksafn Íslands. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig staðan var í september 2021.



Í lok árs voru tölurnar þannig:

Gestir safnsins:	8.793
Miðar seldir:	1.346
Ánægja með viðburði á árinu:	9,76
Ánægja með hópaheimsóknir:	9,58
Fjöldi viðburða:	595

STYTTING VINNUVIKUNNAR

Þann 1. janúar 2021 hófst innleiðing á styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki og um vorið, þann 1. maí, hófst innleiðing á styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Við vinnuna var ákveðið ferli þar sem fundað var reglulega með starfsmönnum og lagðar voru fram tillögur um útfærslur. Í Hljómahöll var niðurstaðan að dagvinnufólk myndi stytta vinnuvikuna sem nemur 2,75 klst. og var styttingin þannig samþykkt;

Vikuleg stytting um 2,75 klst/165 mín. (20 mín + 13 mín: 33 mín á dag). Starfsmenn sleppa 35 mínútna hádegisverðarhléi og taka í staðinn 15 mínútna neysluhlé. Ef skreppa þarf á vinnutíma til að sinna persónulegum erindum stimpla starfsmenn sig út á meðan. Ræstítæknir hættir á 13:00 á föstudögum og sleppir hádegismat þann dag. Aðrir þurfa að hafa það sveigjanlegt hvaða dag styttingin er tekin sökum sveiflna í viðburðahaldi í húsinu.

Hjá vaktavinnufólki í Hljómahöll voru skoðaðar ýmsar útfærslur og fundað reglulega með starfsmönnum. Niðurstaða þeirrar vinnu var að starfsmenn völdu að hækka starfshlutfall sitt um því sem nam styttingu vinnuvikunnar samkvæmt þeim útreikningum sem launadeild kom með. Þetta þýddi að starfsmenn í móttöku og afgreiðslu sem áður voru í 70% starfshlutfalli voru eftir styttingu vinnuvikunnar í 78% hlutfalli og vinnutími hélst óbreyttur.

NIÐURLAG

Árið 2021 einkenndist eins og árið á undan talsvert mikið af kórónuveirufaraldrinum, en þó þannig að það opnuðust fleiri gluggar í sóttvarnartakmörkunum sem gerði það að verkum að hægt var að halda viðburði af ýmsum gerðum með gestum í sal og þar á meðal tókst að opna nýja sérsýningu um safnið Melódíur minningana.

Ýmis verkefni í starfsáætlun Hljómahallar fóru ekki fram, svo sem árshátíð Reykjanesbæjar og stórtónleikar Ljósanætur en í lok árs hafði meirihluti þjóðarinnar verið þrífólusettur gagnvart kórónuveirunni og sífellt fleiri fréttir heyrast af afléttingum sóttvarnatakmarkana og má því líta björtum augum til komandi árs.

Reykjanesbær, 16. febrúar 2022

Ritað af :

Tómas Young

Framkvæmdastjóra Hljómahallar og Rokksafns Íslands